

# Put yourself in my shoes! Í mínum sporum! hegðun - tilfinningar

**Aldur:** 3 – 8 ára

**Fjöldi leikmanna:** Ekki tekið fram.

**Leiktími:** Ekki tekið fram.

**Innihald:** Þríhyrnt statíf með 10 sviðsmyndum 🗣️, 15 persónum 👤 og 10 mismunandi tilfinningum ❤️. Prentað er á báðar hliðar spjaldanna. Stærð 31 x 15,3 sm.

**Neðangreindar tilfinningar eru sýndar myndrænt**

Ánægjulegar	Óþægilegar	Hlutlaus
Gleði	Sorg	Hissa
Forvitni	Reiði	
Aðdáun	Ógeð	
Öryggi	Ótti	

## Hugmynd og markmið:

Í þessu spili gera form og efni ráð fyrir að mörg börn taki þátt, hvort sem er í hópum eða þörum. Fullorðnir geta einnig unnið með einu barni í einu hvort sem er í bekk, heima eða í meðferð.

- Þróa félagslega færni líkt og samúð.
- Auðvelda að þekkja tilfinningar og þroska næmi fyrir þeim.
- Efla athygli og virka hlustun.
- Skilja að aðstæður geta vakið mismunandi tilfinningar.
- Með samræðum er virðing fyrir skoðunum annarra eftl.

## Gangur spilsins:

1. Veljið sviðsmynd 🗣️, og biðjið barn að lýsa hvað er að gerast á henni.
2. Finnið persónuna 👤 sem er á sviðsmyndinni og veljið tilfinningu ❤️. Hvernig líður einstaklingnum þegar hann er í aðstæðum sem þessum. Biðjið barnið að styðja skoðun sína með líkamstjáningu og svipbrigðum persónunnar. Hefur barnið reyntslu af svipuðum aðstæðum?
3. Endurtakið skrefið á undan með hinum persónunum.
4. Speglið ykkur í mismunandi tilfinningum hverrar persónu. Hvernig væri ef þið

væruð í sömu sporum?

Markmiðið er að búa til rými til að vinna með tilfinningar og samúð. Mikilvægt er að barnið hugsi sjálf, tjái sig og þrói félagslega færni. Alltaf með virðingu fyrir skoðunum annarra.

**Takið eftir – það eru engin RÉTT eða RÖNG svör.**

### **Hvernig er leikið?**

- Yngsta barnið ætti að byrja.
- Ef leikið er í þörum þá ættu börnin að sitja hvort á móti öðru.
- Ef hópar eru litlir þá ættu þeir einnig að vera hvort á móti öðrum.
- Sá sem leikur fyrst velur tilfinningu á spjaldi og segir upphátt hver hún er, leggur svo spjaldið á borðið.
- Sá sem leikur næst segir hvernig persónan gæti fundið þá tilfinningu. Ef persóna er valin þá er spjaldið lagt á borðið og barnið rökstyður ákvörðun sína.
- Talið um ákvörðunina. Það þurfa ekki allir að vera á sama máli. Mikilvægara er að skilningur á líðan og tilfinningum annarra sé æfður sem og geta til að setja sig í spor þeirra.
- Endurtakið skrefin með sviðsmyndunum sem eru eftir. Breytið hver leikur fyrst, næst o.s.frv.

### **Hvernig líður persónunni?**

1. Veljið persónu, allir verða að sjá hana.
2. Farið í gegnum sviðsmyndir þar sem þessi persóna birtist.
3. Ræðið tilfinningar hennar í hverri sviðsmynd fyrir sig.

*Þýðing: Eirný Valsdóttir*